



MOSFELLSBÆR

Kynning á deiliskipulagslýsingu:

Verzlunar- og athafna- svæði í Blikastaðalandi

Mosfellsbær auglýsir hér með til kynningar deiliskipulagslýsingu, skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Fyrir gerð deiliskipulags á 17,4 ha svæði, úr landi Blikastaða í Mosfellsbæ. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Vesturlandsvegi, Korpúlfsstaðalandi, Úlfarsá og sveitarfélagsmörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkur. Megin viðfangsefni deiliskipulagsins er að skipuleggja svæði fyrir verzlun og þjónustu ásamt léttum þrifalegum iðnaði. Vandað verður til ásýndar hverfisins og gætt að verndun náttúru og lífríkis meðfram Úlfarsá. Á svæðinu verður gert ráð fyrir belti fyrir tengiveg og Borgarlínu sem og hjóla- og gönguleiðir. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem blanda af verzlunar-, þjónustu- og athafnarsvæði, 128-V/A.

Í deiliskipulagslýsingum kemur lögum samkvæmt fram hvaða áherslur sveitastjórn hefur við skipulagsgerðina. Upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu, fyrirhugað skipulagsferli hvað varðar kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Þeir sem vilja kynna sér málið nánar eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við skipulagsfulltrúa. Deiliskipulagslýsingin liggur frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á 2. hæð Þverholts 2, 270 Mosfellsbæ og hana má einnig finna á heimasíðu bæjarins á slóðinni: mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna má skila til þjónustuvers Mosfellsbæjar eða til undirritaðs fyrir 4. október 2019.

13. september 2019
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is